# ENDURBÆTTUR GREININGARLYKILL AÐ *SPHAGNUM*-TEGUNDUM

| | |
|---|---|
| 1 | Greinablöð hettulaga í endann .................................................... 2 |
| 1* | Greinablöð ydd eða tennt ........................................................... 7 |
| 2 | Stöngulblöð >1 mm. Greinar í kolli mislangar ................................ 3 |
| 2* | Stöngulblöð <0,7 mm. Greinar í kolli jafn langar ........................... ***S. compactum*** |
| 3 | Glærfrumur greinablaða hrjúfar að innanverðu. Sprotar aldrei rauðir (e.t.v. gulrauðir) ..... 4 |
| 3* | Glærfrumur greinablaða sléttar að innanverðu. Sumar tegundir rauðar ............................ 5 |
| 4 | Glærfrumur greinablaða oftast með ræmur að innanverðu. Greinablöð aðlæg og greinar yddar .......................................................................................... ***S. affine*** |
| 4* | Glærfrumur neðarlega í greinablöðum með vörtur að innanverðu. Greinablöð oft útstæð og greinar snubbóttar .............................................................. ***S. papillosum*** |
| 5 | Sprotar rósrauðir; í skugga eru a.m.k. rauðir flekkir á stöngli. Grænfrumur greinablaða innilokaðar, sporlaga .................................................................. ***S. divinum*** |
| 5* | Stönglar og sprotar ekki rauðir. Grænfrumur greinablaða ekki greinilega innilokaðar ................................................................................................... 6 |
| 6 | Grænfrumur greinablaða spólulaga í þverskurði, heldur breiðari við efra borð blaða .............................................................................................. ***S. centrale*** |
| 6* | Grænfrumur greinablaða þríhyrndar eða dropalaga, ná oft út að efra borði .. ***S. palustre*** |
| 7 | Kollur rauðleitur eða a.m.k. slær rauðum lit á greinar og stöngul ................................ 8 |
| 7* | Kollur grænn, gul- eða brúnleitur .................................................................... 12 |
| 8 | Greinablöð í gereinilegum röðum. Jafnan 2 útstæðar greinar. Í fremri hluta blaðs á neðra borði eru mjög lítil göt umlukt þykkum styrktarhring ............. ***S. warnstorfii*** |
| 8* | Greinablöð ekki í röðum ................................................................................... 9 |
| 9 | Stöngulblöð >2 mm. Sprotar ljósrauðleitir ............................................... ***S. angermanicum*** |
| 9* | Stöngulblöð <2 mm. Sprotar greinilega rauðir ............................................................ 10 |
| 10 | Greinar í kolli mynda reglulega 5 arma stjörnu, sé horft ofan á kollinn ......... ***S. russowii*** |
| 10* | Greinar í kolli mynda ekki 5 arma stjörnu, sé horft ofan á kollinn ............................. 11 |
| 11 | Stöngulblöð með totu í endann. Málmgljái á þurrum sprotum ...................... ***S. subnitens*** |
| 11* | Stöngulblöð ekki með totu í endann. Enginn málmgljái ........................... ***S. capillifolium*** |
| 12 | Neðri hluti stönguls dökkur ............................................................................ 13 |
| 12* | Neðri hluti stönguls ljós ................................................................................. 23 |

13 Endasproti í kolli greinilegur ........................................................................................ 14
13* Endasproti í kolli ógreinilegur ..................................................................................... 16

14 Greinablöð í röðum. Stöngulblöð stutt og breið; lengd 1-1,5 x breidd; breiðust fremst og allur framendi trosnaður ............................................................................ ***S. lindbergii***
14* Greinablöð ekki í röðum. Stöngulblöð aflöng; lengd 2 x breidd; lítið eða ekkert trosnuð fremst ................................................................................................. 15

15 Engar aðlægar greinar. Útstæðar greinar snubbóttar, beinar eða lítið eitt bognar. Stöngul- og greinablöð lík, bæði að lögun og frumugerð ................. ***S. platyphyllum***
15* Með aðlægar greinar. Útstæðar greinar mjóar og beinar. Stöngul- og greinablöð ólík, ......................................................................................... ***S. teres***

16 Greinar í kolli bognar. Í glærfrumum greinablaða eru oftast tvær raðir af mörgum litlum götum með veggjum ...................................................................... 17
16* Greinar í kolli beinar. Í glærfrumum greinablaða eru engin eða fáein göt ................ 20

17 Stöngulblöð 0,9-2,7 mm ........................................................................................... 18
17* Stöngulblöð 0,4-1,3 mm ........................................................................................... 19

18 Stöngulblöð 0,9-1,5 mm. Göt á glærfrumum á framhluta stöngulblaða fleiri á efra borði en á neðra borði ............................................................................ ***S. inudatum***
18* Stöngulblöð 1,3-2,7 mm. Göt á glærfrumum á framhluta stöngulblaða fleiri á neðra borði en á efra borði ............................................................................ ***S. auriculatum***

19 Stöngulblöð 0,4-0,9 mm. Stöngull klæddur 1 lagi af glærfrumum (sjaldan 2) ... ***S. subsecundum***
19* Stöngulblöð 0,7-1,3 mm. Stöngull klæddur 2 eða 3 lögum af glærfrumum ...... ***S. contortum***

20 Framendi greinablaða stendur þvert út. Stöngulblöð 1,7-2,0 mm ................... ***S. squarrosus***
20* Greinablöð lítið eða ekkert útstæð. Stöngulblöð 0,9-1,7 mm ................................. 21

21 Stöngulblöð hanga niður ................................................................................... ***S. inudatum***
21* Stöngulblöð upprétt ................................................................................................. 22

22 Sprotar án málmgljáa ......................................................................................... ***S. fuscum***
22* Sprotar með málmgljáa. Endi stöngulblaða pípulaga ......................................... ***S. subnitens***

23 Framendi greinablaða stendur þvert út ................................................................... 24
23* Framendi greinablaða aðlægur eða lítið útréttur .................................................... 25

24 Stöngulblöð 1,7-2,0 mm. Blaðoddur greinablaða mjór, lítð eitt þverstýfður og lítillega tenntur. Útstæðar greinar yddar ...................................................... ***S. squarrosus***
24* Stöngulblöð 0,5-0,7 mm. Blaðoddur greinablaða breiður, þverstýfður og með nokkrar tennur. Útstæðar greinar snubbóttar ..................................... ***S. strictum***

25 Stöngulblöð að mestu upprétt. Grænfrumur greinablaða í þverskurði breiðastar við efra borð blaðs eða egglaga .............................................................. 26

25* Stöngulblöð útstæð eða hangandi. Grænfrumur greinablaða í þverskurði breiðastar við neðra borð blaðs eða egglaga ........................................................ 32

26 Endasproti lítill eða greinilegur. Stöngulblöð lítið eða mikið trosnuð í endann ......... 27
26* Endasproti enginn eða lítill. Stöngulblöð lítið eða ekkert trosnuð í endann ............. 30

27 Stöngulblöð nær rétthyrnd ........................................................................... 28
27* Stöngulblöð egglaga ........................................................................... ***S. angermanicum***

28 Lengd stöngulblaða meiri en breiddin, aðeins trosnuð í bláendann ......................... 29
28* Stöngulblöð álíka löng og breið, trosnuð í endann og niður með hliðum ......... ***S. fimbriatum***

29 Stöngulblöð 1,1-1,4 mm, trosnuð aðeins í bláendann. Oft rauður eða rauðleitur litur á greinum og stöngli ........................................................................ ***S. russowii***
29* Stöngulblöð 0,8-1,3 mm, allur framhluti trosnaður. Aldrei rauður litur .......... ***S. girgensohnii***

30 Greinablöð í greinilegum röðum. Göt í framhluta greinablaða á neðra borði lítil og umlukt stoðhringjum ................................................................... ***S. warnstorfii***
30* Greinablöð ekki í greinilegum röðum. Göt án stoðhringja ....................................... 31

31 Kollur hvelfdur séður frá hlið. Án málmgljáa .................................................. ***S. capillifolium***
31* Kollur flatur séður frá hlið. Með málmgljáa ..................................................... ***S. subnitens***

32 Stöngulblöð sýld í endann, oft niður að miðju. Endasproti greinilegur ............. ***S. riparium***
32* Stöngulblöð ekki sýld. Endasproti ógreinilegur ...................................................... 33

33 Stöngulblöð útstæð og kúpt. Ein aðlæg grein ......................................................... 34
33* Stöngulblöð hangandi eða útstæð og lítið kúpt. Oftast 2 aðlægar greinar ............... 35

34 Greinablöð egglaga, breiðust um miðju. Stöngulblöð lík greinablöðum ............. ***S. tenellum***
34* Greinablöð breiðust neðan miðju. Stöngulblöð styttri og breiðari en greinablöð ... ***S. balticum***

35 Aðlægar greinar mun lengri en útstæðar. Stöngulblöð stutt, 0,5-0,8(-1,0) mm, snubbótt, hangandi .................................................................................. ***S. angustifolium***
35* Aðlægar greinar varla lengri en útstæðar ............................................................... 36

36 Greinablöð sveigð til hliðar. Glærfrumur greinablaða með lítil göt í röðum meðfram veggjum á neðra borði. Stöngull klæddur 2 eða 3 lögum af glærfrumum ........ ***S. contortum***
36* Greinablöð sveigð eða bein. Göt í glærfrumum greinablaða ekki í röðum. Glærþekja um stöngul lítil eða greinileg ................................................................ 37

37 Stöngulblöð álíka löng og breið, nærri þríhyrnd, ydd eða virðast með broddi (blaðrendur innundnar). Greinablöð >1,5 mm ................................................. ***S. fallax***
37* Stöngulblöð snubbótt eða bogadregin. Greinablöð <1,5 mm ................................ 38

38 Innri hluti kolls með stuttar greinar, nýjar og ferskar; ytri hluti greinilega aðskilinn með langar greinar ......................................................................... ***S. flexuosum***
38* Engin skörp skil á milli innri ytri hluta kolls ..................................................... ***S. obtusum***

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| <br>1 | <br>1* | <br>4. | <br>4* | <br>5 |
| <br>6 | <br>6* | <br>8 | <br>11 | <br>13 |
| <br>14 | <br>14* | <br>22* | <br>24 | <br>24* |
| <br>25 | <br>25* | <br>27 | <br>27* | <br>28 |
| <br>28* | <br>30 | <br>32 | <br>34 | <br>34* |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| <br>37 | <br>37* | | | |